

Ár 2009, miðvikudaginn 2. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr. Q-1/2009:

Elísabet Guðmundsdóttir

Magnúsína Þórðardóttir

og

Þórður Guðmundsson

*(Dagmar Arnardóttir hrl.)*

gegn

dánarbúi Ágústu Guðmundsdóttur

og Þórðar Árnasonar

*(Ragnar H. Hall hrl.)*

og

Sigríði Ragnhildi Helgadóttur

og

Jóhönnu Björk Helgadóttur

*(Sigurður Sigurjónsson hrl.)*

kveðinn upp svofelldur

#### **ú r s k u r ð u r :**

Mál þetta, sem var þingfest 24. september sl. og dómtekið 10. nóvember sl., var höfðað með bréfi til dómsins, dagsettu 7. september sl. og móttæknu 10. s.m., þar sem óskað er úrlausnar ágreinings skv. 122. gr. laga nr. 20/1991.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 1. október 2008, var dánarbúi Ágústu Guðmundsdóttur, sem lést þann 21. júní 1976, og Þórðar Árnasonar, sem lést þann 7. mars 1933, tekið til opinberra skipta og Sigurmar K.

Albertsson hrl., skipaður skiptastjóri.

Með bréfi skiptastjóra, móttæknu þann 10. september sl., til Héraðsdóms Suðurlands er krafist, með vísan til 122. gr. laga nr. 20/1991, úrlausnar dómsins um ágreining aðila en á fundi skiptastjóra með málsaðilum 25. ágúst sl., þar sem frumvarp skiptastjóra til úthlutunar á eignum búsins var kynnt, hafi komið fram mótmæli frá Þórði Guðmundssyni á sölu á eignum búsins og við frumvarpinu og hann krafist þess að honum yrði lagður út sinn hlutur í samræmi við sinn arfshluta. Magnúsína Þórðardóttir og Elísabet Guðmundsdóttir kröfðust þess sama. Bókað var í fundargerð að skiptastjóri hafi þegar selt landið og ekki verði aftur snúið nema með samþykki kaupenda. Ekki er bókað í fundargerð skiptastjóra við hvaða sölu er átt en samkvæmt frumvarpinu og öðrum gögnum málsins er ljóst að ágreiningurinn stóð um sölu skiptastjóra á 1/9 hluta í eyðibýlinu Ásgautsstöðum í óskiptri sameign, landnúmer 165522, að undanskildum 7,5 hekturum og landspildu auk útihúsa að Vestri-Hólma í sveitarfélaginu Árborg, landnúmer 218495, allt að söluvirði 1.170.000 krónur. Skiptastjóra tókst því ekki að jafna ágreining aðila og vísaði málinu til héraðsdóms með vísan til 122. gr. laga nr. 20/1991.

Ágreiningur sá, er krafist er úrlausnar héraðsdóms á, snýst um að Þórður Guðmundsson, Magnúsína Þórðardóttir og Elísabet Guðmundsdóttir fái lagðan út sinn hluta partanna í ofangreindum jörðum í samræmi við erfðarétt hvers um sig. Segir í bréfinu til dómsins að skiptastjóri skilji kröfugerð aðila þannig að krafa sé gerð um að sölu jarðpartanna verði hnekkt.

Við fyrirtöku þann 1. október sl. lögðu sóknaraðilar fram greinargerð og gerðu þær kröfur að ákvörðun skiptastjóra um sölu á 1/9 hluta af eyðibýlinu Ásgautsstöðum og landspildu auk útihúsa að Vestri-Hólma við Stokkseyri, úr dárabúum Ágústu Guðmundsdóttur og Þórðar Árnasonar, til erfingjanna Sigríðar Ragnildar Helgadóttur og Jóhönnu Bjarkar Helgadóttur, verði hnekkt, kaupin látin ganga til baka og afsölum, dagsettu 25. júní 2009, aflýst gegn endurgreiðslu dánarbúanna á umsömdu kaupverði, kr. 1.170.000. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

Við fyrirtöku málsins þann 15. október sl. lagði lögmaður varnaraðila Sigríðar Helgadóttur og Jóhönnu Helgadóttur fram greinargerð og gerði þær dómkröfur að varnaraðilar yrðu sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðila auk þess að krefjast málskostnaðar.

Þá lagði lögmaður dánarbúsins fram greinargerð og krafðist þess aðallega að málinu yrði vísað frá dómi en til vara að kröfum sóknaraðila yrði hafnað. Þá var krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Bókað var eftir lögmanni varnaraðila, Sigríðar og Jóhönnu, að hann krefðist einnig frávísunar á málinu frá dómi.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist að frávísunarkröfu varnaraðila verði hafnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 10. nóvember sl.

I.

Eins og áður segir var dánarbú Ágústu Guðmundsdóttur og Þórðar Árnasonar tekið til opinberra skipta að kröfu sýslumannsins á Selfossi, með úrskurði þann 1. október 2008, og var Sigurmar K. Albertsson hrl. skipaður skiptastjóri. Í gögnum málsins liggur fyrir bréf skiptastjóra, dagsett 12. nóvember 2008, til erfingja þar sem kemur fram að eign dánarbúsins sé m.a. 1/9 hluti í eyðibýlinu Ásgautsstöðum og landspilda auk fjárhúsa að Vestri-Hólma í Sveitarfélaginu Árborg. Hafi skiptastjóri kannað lauslega verðmæti eignanna og honum verið tjáð að ekki væri um mikil verðmæti að ræða. Eignum þessum verði að koma í verð og telji hann rétt að biðja þá erfingja sem kunni að hafa áhuga á að eignast framangreindar eignir að gera tilboð í þær, væri áhugi fyrir hendi, og senda það á skrifstofu skiptastjóra sem muni taka hæstu boðum. Í framhaldi muni hann ganga frá sölu og skiptum á búinu.

Þá liggur fyrir bréf dagsett 27. mars 2009 undirritað af skiptastjóra til erfingja þar sem hann vísaði til fyrra bréfs, sem sent hafði verið öllum erfingjum. Segir að ekkert tilboð hafi borist í umræddar eignir dánarbúsins og því skori hann á þá sem kunna að hafa áhuga að gera tilboð í eignirnar og skulu tilboðin hafa borist fyrir 1. maí 2009. Þá segir í lokin að berist ekkert tilboð fyrir þann tíma muni skiptastjóri setja eignirnar í uppboðsmeðferð.

Þá liggur fyrir bréf undirritað af lögmanni sóknaraðila, dagsett 18. júní 2009, þar sem fram kemur að Magnúsína og Þórður hafi vitneskju um að skiptastjóri ætli að selja varnaraðilum umræddar eignir og vilji þau mótmæla þeirri sölu. Er vísað til þess í bréfinu að skiptastjóra beri samkvæmt lögum nr. 20/1991 að leita svara erfingja á skiptafundi, hvort þeir krefjist útlagningar á tilteknum eignum til greiðslu arfs, sbr. 3. mgr. 54. gr. laganna. Þá segir að sóknaraðilar hafi ekki verið boðaðir á skiptafund og því hljóti ákvörðun um sölu á eignum úr búinu að brjóta í bága við skýr fyrirmæli laganna og vera ólögæt. Segir ennfremur í bréfinu að Magnúsína Þórðardóttir kannist við að hafa fengið með pósti tvö bréf frá skiptastjóra, hið fyrra dagsett 12. nóvember 2008 og hið síðara dagsett 27. mars 2009, þar sem falast var eftir tilboðum í ofangreindar eignir. Magnúsína hefði reynt að skila inn tilboði í eignina í maí sl., en verið tjáð af skiptastjóra að hún væri of sein og að tilboðsfrestur væri útrunninn. Ennfremur segir í bréfinu að Þórður Guðmundsson kannist ekki við að hafa fengið nokkrar tilkynningar um að skiptastjóri hygðist selja landspilduna. Var þess krafist í bréfinu að skiptastjóri félli frá fyrirhugaðri sölu á landinu til varnaraðila og boðaði þess í stað til skiptafundar með lögmaetum hætti þar sem rætt yrði um sölu á landspildunni og leitað tilboða frá erfingjum.

Bréf dagsett 30. júní 2009 frá skiptastjóra til lögmanns sóknaraðila liggur fyrir í gögnum málsins, en þar kemur fram að vísað sé til símtala og bréfs frá 18. júní sl. Vísar hann m.a. til þess að öllum erfingjum, sem séu tuttugu og þrjár, hefðu verið send bréf þann 12. nóvember 2008 þar sem erfingjar, sem höfðu áhuga á eignunum, voru hvattir til að hafa samband við skiptastjóra en engin viðbrögð orðið utan tveggja símtala og eins fundar þar sem einn erfingi hefði lýst áhuga sínum en ekkert af orðið. Eftir síðara bréf skiptastjóra, þann 27. mars 2009, hefðu tvö tilboð borist í eignirnar, annað að fjárhæð 300.000 krónur en hitt að fjárhæð 1.170.000. Hefði herra tilboðinu verið tekið. Samþykki skiptastjóra hefði borist tilboðsgjöfum fyrir símtal sem lögmaður sóknaraðila hefði átt við skiptastjóra og því hefði ekki verið aftur snúið. Sala eignanna hefði verið frágengin þegar lögmaðurinn hafði samband við skiptastjóra og benti skiptastjóri lögmanninum á að skoða 77. gr. laga nr. 21/1991 ef erfingjar teldu sig hafa orðið fyrir skaða. Símbref lögmanns

sóknaraðila til skiptastjóra, sent 14. júlí 2009, liggur fyrir í skjölum málsins en þar kemur fram að lögmaður sóknaraðila spyr hvort kaupendur eignanna væru reiðubúnir að falla frá samningnum þar sem hann væri ekki gerður á lögformlegan hátt.

Afsöl, útgefin 25. júní 2009, fyrir 1/9 hluta í eyðibýlinu Ásgautsstöðum og landspildu auk útihúsa að Vestri-Hólma í Sveitarfélaginu Árborg, til varnaraðila Sigríðar og Jóhönnu Helgadætra, liggja fyrir í gögnum málsins svo og frumvarp til úthlutunar úr dánarbúinu, dagsett 10. ágúst 2009, ásamt fundargerð skiptafundar þann 25. ágúst 2009.

## II.

Í máli þessu gera sóknaraðilar þær kröfur að ákvörðun skiptastjóra um sölu á 1/9 hluta af eyðibýlinu Ásgautsstöðum og landspildu auk útihúsa að Vestri-Hólma við Stokkseyri, úr dánarbúum Ágústu Guðmundsdóttur og Þórðar Árnasonar, til erfingjanna Sigríðar Ragnhildar Helgadóttur og Jóhönnu Bjarkar Helgadóttur, verði hnekkt, kaupin látin ganga til baka og afsölum, dagsettum 25. júní 2009, aflýst gegn endurgreiðslu dánarbúanna á umsömdu kaupverði, 1.170.000 krónum.

Dánarbúið, sem hefur aðild að máli þessu, gerði kröfu um frávísun málsins frá dómi og gerðu varnaraðilar þá kröfu einnig við fyrirtöku þann 15. október sl.

Fór málflutningur fram um frávísunarkröfuna þann 10. nóvember sl., eins og áður segir, og var málið tekið til úrskurðar í framhaldi.

Varnaraðilar byggja frávísunarkröfuna á því að kröfugerð sóknaraðila sé ekki í samræmi við þann ágreining sem skiptastjóri vísaði til dómsins og bókað var á skiptafundi, þ.e. að Þórður Árnason, Magnúsína og Elísabet vilji fá sér útlagðan sinn hlut í eignunum. Í kröfugerð sóknaraðila til dómsins séu hins vegar dómkröfurnar þær að sölonni verði hnekkt, kaupin verði látin ganga til baka og afsölum verði aflýst gegn endurgreiðslu á söluverðinu. Byggir varnaraðili á að skiptastjóri hafi ekki getað ógilt sjálfur samning sem hann hafði þegar undirritað og hefði sá samningur því gildi þar til dómur hefði gengið um annað, og svo hafi ekki orðið. Hér sé ekki um að ræða kröfu sem varði skiptameðferð búsins heldur kröfu um aðfararhæfan dóm á hendur kaupendum. Óheimilt sé að hafa uppi slíkar kröfur í ágreiningsmáli vegna dánarbússkipta, enda þótt krafan beinist að einstaklingum sem séu meðal erfingja dánarbúsins. Þá byggja varnaraðilar á 122. gr. laga nr. 20/1991 en þar segi m.a. að ef ágreiningur rísi um atriði við opinber skipti sem fyrirmæli laganna kveði sérstaklega á um að skuli beint til héraðsdóms til úrlausnar, svo og ef skiptastjóri telji þörf úrlausnar héraðsdóms um önnur ágreiningsatriði sem komi upp við opinber skipti, skuli skiptastjóri beina skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls sem hann hafi verið skipaður til starfa hjá. Kröfugerð sóknaraðila fjalli ekki um atriði sem fyrirmæli laga nr. 20/1991 kveði sérstaklega á um að beint verði til héraðsdóms til úrlausnar. Þá sé málið ekki rekið á grundvelli heimildar í 124. gr. laganna og því óhjákvæmilegt að vísa því frá dómi. Þá byggja varnaraðilar á því að umþrættir samningar hafi farið fram, búið sé að undirrita afsöl fyrir eignunum og þeim verði ekki breytt nema að undangengnum dómi um riftun. Slíkt mál sé óheimilt að reka samkvæmt 122. eða 124. gr. laga nr. 20/1991.

Sóknaraðilar mótmæla því að málinu verði vísað frá dómi og krefjast málskostnaðar úr hendi varnaraðila. Kvað lögmaður sóknaraðila skiptastjóra hafa selt eignir dánarbúsins án þess að hafa boðað til skiptafundar og eingöngu sent bréf í almennum pósti til erfingja þar sem fram hafi komið að hann óskaði eftir tilboðum í eignirnar. Skiptastjóri hefði selt eignirnar og tekið á móti greiðslu, vitandi um mótmæli sóknaraðila. Kvað lögmaður sóknaraðila að kröfugerð þeirra rúmaðist innan 122. gr. laga nr. 20/1991. Í fyrsta lagi sé um ákveðinn ágreining að ræða auk þess sem í 1. mgr. sé almenn heimild skiptastjóra til að vísa til úrlausnar héraðsdóms öðrum ágreiningsatriðum en fyrirmæli laganna kveði sérstaklega á um, sem koma upp við skiptin, til héraðsdóms. Svo hafi verið gert í þessu tilviki. Mótmælti lögmaður sóknaraðila því að rifta þyrfti þessum gjörningum til að hægt yrði að leggja erfingjum út hlutdeild þeirra í eignum búsins.

### III.

Í bréfi skiptastjóra, dags. 7. september sl., til dómsins kemur fram að sóknaraðilar hafi á skiptafundi mótmælt sölu jarðarpartanna og gert kröfu um að þeir fengju sér lagðan út hluta partanna í samræmi við erfðarétt hvers um sig.

Í greinargerð sóknaraðila er kröfugerð þeirra sú að umþrættri sölu verði hnekkt, kaupin látin ganga til baka og afsölum aflýst gegn endurgreiðslu á söluverði eignanna.

Óumdeilt er að afsal var undirritað fyrir umræddum jarðarpörtum til varnaraðila þann 25. júní 2009 og voru afsalshafar lýstir réttir og löglegir eigendur framangreindra eigna í þeim gjörningi. Um meðferð opinberra skipta á dánarbúum fer samkvæmt lögum nr. 20/1991. Í 112. gr. laganna segir að rísi ágreiningur milli aðila við opinber skipti samkvæmt kafla þessum um þau atriði sem 2. mgr. 103. gr. og 104. -111. gr. taki til, skuli skiptastjóri leitast við að jafna hann. Takist það ekki beinir skiptastjóri málefninu til héraðsdóms eftir ákvæðum 122. gr. Slíkur ágreiningur verði ekki lagður fyrir dómstóla á annan hátt. Þrátt fyrir óskýrleika í bókun á skiptafundi og í bréfi skiptastjóra til dómsins er ljóst að ágreiningur aðila stendur um sölu skiptastjóra á 1/9 hluta af eyðibýlinu Ásgautsstöðum og landspildu auk útihúsa að Vestri-Hólma við Stokkseyri. Verður því að telja að 3. tl. 1. mgr. 122. gr. laganna sé uppfylltur. Umræddar eignir hafa þegar verið seldar og samningar, sem skiptastjóri fyrir hönd þrotabúsins er bundið af, hafa verið undirritaðir. Breytir engu að viðsemjendur skiptastjóra hafi einnig verið erfingjar búsins. Er skiptastjóri fyrir hönd þrotabúsins bundið af reglum samningaréttar í þessu tilfelli gagnvart viðsemjendum sínum sem eru varnaraðilar í máli þessu. Verður þeim samningum ekki rift eða breytt nema með dómi, liggi samþykki þeirra ekki fyrir, samkvæmt reglum samninga- og kröfuréttar. Ágreiningsefni það sem til umfjöllunar er í máli þessu heyrir því hvorki undir 2. mgr. 103. gr. né 104. -111. gr. laganna. Þá á 124. gr. laganna ekki við varðandi ágreining aðila í máli þessu. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilum, Elísabetu Guðmundsdóttur, Magnúsínu Þórðardóttur og Þórði Guðmundssyni, að greiða varnaraðilum in solidum, dánarbúi Ágústu Guðmundsdóttur og Þórðar Árnasonar 75.000 krónur í málskostnað og Sigríði Ragnhildi Helgadóttur og Jóhönnu Björk Helgadóttur, 75.000 krónur í málskostnað.

## Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Sóknaraðilar, Elísabet Guðmundsdóttir, Magnúsína Þórðardóttir og Þórður Guðmundsson, greiði varnaraðilum in solidum, dánarbúi Ágústu Guðmundsdóttur og Þórðar Árnasonar 75.000 krónur í málskostnað og Sigríði Ragnhildi Helgadóttur og Jóhönnu Björk Helgadóttur, 75.000 krónur í málskostnað.

Ástríður Grímsdóttir